# KVIKSTREYMI – STAFRÆN ÞEKKINGARVEITA Á SVIÐI KENNSLU OG RANNSÓKNA Í KVIKMYNDAFRÆÐI

**Lokaskýrsla 22. febrúar 2018**

**Kennslumálasjóður Háskóla Íslands**

Björn Þór Vilhjálmsson

Lektor, almenn bókmenntafræði og kvikmyndafræði

Íslensku- og menningardeild

# UMSÓKN

## Í fyrra var sótt um styrk í Kennslumálasjóð HÍ fyrir uppbyggingu á þekkingarveitu:

„Kvikmyndafræði Háskóla Íslands hefur hafist handa við þróun kennslu– og veffræðaumhverfis sem nefnist „Kvikstreymi – stafræn þekkingarveita á sviði kennslu og rannsókna í kvikmyndafræði" með það að markmiði að nýta gagnvirkni, hýsingarmöguleika, grafískt umhverfi og aðgengileika sértækra vefsvæða til að styrkja rannsóknir, kennsluhætti, og umfjöllun um íslenska kvikmyndamenningu og –sögu, sem og nemendavirkni í námsgreininni í heild. Kvikmyndafræðin hefur í því skyni virkjað lénin kvikmyndafraedi.hi.is og islenskkvikmyndafraedi.hi.is. Hér er sótt um styrk til að halda áfram vinnunni sem hafin er við þróun notenda– og nemendavæns fræðaumhverfis, viðhalda því og ljúka tilteknu lykilverkefni."

# KVIKSTREYMI – FRAMTÍÐARSÝN

„Framtíðarsýnin er sú að hér sé þekkingarveita og tæki í þróun sem komi til með að efla kennslu í kvikmyndafræði og víkka starfs– og rannsóknarramma nemenda í sömu grein með því að fylla að hluta í þá eyðu sem skortur á skrifum og rannsóknum á sviði íslenskra kvikmynda skilur eftir sig. „Kvikstreymi“ mun miðla lykilupplýsingum á nákvæmlega þessu sviði og gera það með skilvirkum hætti þar sem kostir netumhverfis verða nýttir“.

# VERKEFNI – ÆVISAGA KVIKMYNDA

- „Með því að vera stafræn þekkingarveita á sviði kennslu og rannsókna í kvikmyndafræði. Um er að ræða heildstæða framsetningu á „ævisögum“ íslenskra kvikmynda sem framleiddar voru fram að árinu 2000 (síðar stendur til að halda áfram til samtímans).
- Hvað felst í hugtakinu „ævisaga“?
- Með aðstoð timarit.is er öllum mikilvægum skrifum í íslenskum dagblöðum og tímaritum um tiltekna kvikmynd haldið til haga, allt frá því að fyrst berast fréttir af því að gerð hennar sé fyrirhuguð til viðtökusögunnar, fyrstu dómanna og svo áfram í gegnum sögu tuttugustu aldarinnar. Allri markverðri umræðu um viðkomandi kvikmynd verður miðlað í tímaröð, allt til dagsins í dag (eðli hlutanna samkvæmt er ævisaga elstu myndanna lengri og umfangsmeiri en þeirra sem nýjar eru), og vísað til með greinargóðum hætti.
- Þeir sem hafa reynslu af vefsvæðinu timarit.is vita að fara verður í gegnum tugi, hundruði og stundum þúsundir „funda“ í leitarvél síðunnar til að hafa uppi á þekkingarlega tæku efni (leit að Friðriki Þór Friðrikssyni fær tæplega 3.200 svör, að Halldóri Laxness nær 20.000). Þar liggur gríðarlega stór hluti vinnunnar“.

# ÆVISAGA KVIKMYNDA - MARKMIÐ

- „Samlegðaráhrif þessara tilvísana eru heildræn mynd af stöðu tiltekinnar kvikmyndar í íslenskri menningarumræðu um nærri aldarskeið, allt frá umræðunni í aðdraganda frumsýningar til fyrstu viðbragða, til skrifa um stöðu *Íslands í lifandi myndum* í íslenskri kvikmyndasögu. Því er óhætt að segja að hér birtist ævisaga myndarinnar. Það sem meira er, upplýsingar af þessu tagi eru nær þýðingarlaus þegar einstakar greinar eru skoðaðar, líkt og í tómarúmi. Þar að auki eru þær eru eins og nálar í heystakki, í sumum tilfellum allt að því ófinnanlegar. Þá fela þær í sér ríkari og dýpri merkingu í samhengi, líkt og hér að ofan. Þekkingarmiðlun af þessu tagi er án forvera eða fyrirmyndar í íslensku samhengi og raunar þekkjum við ekki neina hliðstæðu annars staðar heldur. Virkni þessa þáttar hinnar stafrænu þekkingarveitu og gagnsemi nær frá grunnnámskeiðum um íslenska kvikmyndamenningu til B.A. ritgerðaskrifa og allt upp í doktorsvinnu. Mætti þar nefna þá sem nú um mundir vinna doktorsverkefni um íslenskar kvikmyndir og kvikmyndasögu í almennri bókmenntafræði, en báðir taka þeir þátt í verkefninu. Þá er þekkingargrunnur sem þessi ennfremur opinn, það er að segja, upplýsingarnar sem hér er veittur aðgangur að nýtist hverjum og einum með ólíkum hætti. Þá munum við einnig nota og framsetja efnið með margvíslegum hætti og bjóða t.d. upp á „hreina“ viðtökusögu leikstjóra og kvikmynda en dæmi um slíkt væri pdf-pakki sem fæli í sér alla dóma sem birtust á prenti um allar myndir Friðriks Þórs Friðrikssonar, en annarri umræðu væri sleppt.“

# KENNSLUMÁLASJÓÐUR HÍ – STYRKVEITING OG STARF



HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is

Björn Þór Vilhjálmsson
btv@hi.is

21. apríl 2017

**Efni: Umsókn um styrk úr kennslumálasjóði**

Kennslumálanefnd háskólaráðs fjallaði um styrkumsóknir í kennslumálasjóð á fundum sínum í mars og apríl. Ákveðið var að styrkja 27 verkefni um rúmar 35 mkr. en alls bárust 64 umsóknir og samtals var sótt um rúmar 112 mkr.

Í samræmi við vinnureglur um úthlutun úr kennslumálasjóði leitaði nefndin einkum eftir hvort að umsóknirnar tengdust stefnu HÍ, hvort þær stuðluðu að nýjungum í kennsluháttum og hversu mörgum þær nýttust, beint eða óbeint.

Samþykkt var að styrkja verkefni yðar: ***„Kvikstreymi – stafræn þekkingarveita á sviði kennslu og rannsókna í kvikmyndafræði“***. Styrkurinn nemur **kr. 1.000.000**.

**Vinsamlegast staðfestið með tölvupósti hvort þér ákveðið að þiggja styrkinn eða hafna honum og athugið jafnframt hvort eftirfarandi verknúmer er rétt:** 1371–137280

Þrír fjórðu hlutar, **kr. 750.000** eru til útborgunar strax en minnt er á að styrkþega ber að skila lokaskýrslu um verkefni sitt til kennslumálanefndar áður en fjórðungur styrks er greiddur. Kennslumálanefnd minnir á grein I.8. í vinnureglum um sjóðinn:

> „Þeir sem hljóta styrk úr Kennslumálasjóði skulu láta kennslumálanefnd í té lokaskýrslu og skal nefndin tryggja að verkefnið fái góða kynningu innan Háskólans."

Æskilegt er að slík greinargerð hafi til kynningar, t.d. í fréttabréfum skólans eða á öðrum viðeigandi vettvangi. Almennt er miðað við að lokaskýrsla vegna einstakra verkefna berist eigi síðar en um önnur áramót frá dagsetningu þessa bréfs.

Umsóknir og fylgigögn bárust með rafrænum hætti. Útprentunum þeirra verður eytt en rafgögn verða varðveitt í umsóknakerfi kennslumálanefndar. Rekstrarstjóri fræðasviðs þíns fær afrit af þessu bréfi. Úthlutunarbréf eru einungis send í tölvupósti, vinsamlega látið undirritaðan vita ef óskað er eftir útprentuðu og undirrituðu bréfi.

Virðingarfyllst,
f.h. kennslumálanefndar,

Hreinn Pálsson, prófstjóri
ritari kennslumálanefndar
hpal@hi.is

Sæmundargötu 6 · 101 Reykjavík · Sími 525 4000 · Fax 552 1331 · hi@hi.is · www.hi.is

Vorið 2017 var verkefninu „Kvikstreymi – stafræn þekkingarveita á sviði kennslu og rannsókna í kvikmyndafræði“ veittur styrkur er hljóðaði upp á 1.000.000 ISK.

Í kjölfarið hófst vinna við þróun vefumhverfis og uppsetning, auk gagnaöflunar.

# VEFSVÆÐIÐ -ISLENSKKVIKMYNDAFRAEDI.HI.IS- VIRKJAÐ



# FJÓRAR GÁTTIR:
## A) ÍSLENSK KVIKMYNDAGERÐ
## B) RIT






# FJÓRAR GÁTTIR:
## C) UPPTÖKUR



# FJÓRAR GÁTTIR:
## D) HUGTÖK OG HEITI

Íslensk kvikmyndafræði

Íslensk kvikmyndagerð | Rit | Upptökur | **Hugtök og heiti** | Kvikmyndafræði HÍ

HUGTAKALISTI OG ÞÝÐINGAR

Anamorphic lens – dreifilinsa

Animation – teiknun, teiknuð inngrip í mynd, teiknuð mynd að hluta eða heild

Anime – teiknimynd (japönsk)

Amusement parks – skemmtigarðar

Animated film – teiknimynd

Antagonist – andstæðingur

Apocalyptic film – heimsslitamynd

Archtype – erkitýpa

Art cinema – listabíó

Artifical intelligence – gervigreind

Aspect ratio – hlutfallsstærð

Asynchronous sound – ósamræmi milli myndar og hljóðs / hljóðósamræmi

Attraction – hrifmagn (einkum tengt skrifum Sergei Eisenstein)

Audio track – hljóðrás

Melodrama, physical – líkamsmelódrama

Melodrama, social – félagsmelódrama

Mimic – herma

Minor -/secondary characters – aukapersónur

*Mise-en-scéne* – myndheild/leikmynd

Mobile frame – myndrammi á hreyfingu

Mondo film – heimsmynd, æsiheimildarmynd

Montage – myndflétta

Mirror stage – spegilstigið (í sálgreiningu J. Lacan)

Mockumentary – heimildarháð(mynd)

Modernism – módernismi

Modernist film/cinema – móderníska bíóið

Modes of unity – einingaraðferðir

Mountain film – fjallamynd (þýsk kvikmyndagrein frá þriðja og fjórða áratugnum)

# HUGTÖK OG HEITI: HUGTAKASKÝRINGAR, VETTVANGUR FYRIR SKRIF NEMENDA

Auteur – **kvikmyndahöfundur**

Auteur theory – **höfundarkenningin**

Authorial code – höfundarumsögn

# HUGTÖK OG HEITI: HUGTAKASKÝRINGAR, VETTVANGUR FYRIR NEMENDUR



## Kvikmyndahöfundur

Höfundur svars: Ninna Rún Pálmadóttir

Höfundarkenninguna svokölluðu (auteur theory) má rekja til Frakklands á tíma frönsku nýbylgjunnar, í kringum blómaskeið kvikmyndatímaritsins Cahiers du Cinéma. Kenningin, hefur farið í gegnum töluvert breytingarskeið og hægt er að fjalla um hana út frá ýmsum sjónarhornum (Grant, 2008, bls. 2–5). Hér verða tekin nokkur dæmi um skrif sem ætlað er að veita innsýn í helstu einkenni höfundarkenningarinnar.

Kvikmyndaleikstjórinn og gagnrýnandinn Alexandre Astruc skrifaði árið 1948 greinina "The Birth of a New Avant-Garde: La Caméra-Stylo", þar sem hann lýsti því að kvikmyndir væru að fá nýtt andlit og hægt væri að sjá það hreinlega með því að nota eigin augu. Aðeins kvikmyndagagnrýnanda gæti mistekist að taka eftir umbreytingunni sem væri að eiga sér stað beint fyrir framan nefið á honum. Astruc spurði „í hvaða myndum mætti finna þessa nýju fegurð og benti á að hana mætti sérstaklega finna í þeim sem hefðu verið hunsaðar af gagnrýnendum“ (Astruc, 1998, bls. 158).

Hann sá í þessum földu myndum ákveðinn fyrirboða „avant-garde", að „avant- garde" væri alltaf til staðar þar sem eitthvað nýtt ætti sér stað. Útgangspunktur hans var að kvikmyndin væri hreinlega að verða vettvangur tjáningar, rétt eins og aðrar listir hefðu verið, sérstaklega málaralist og skáldsögur. Hún væri að verða að tungumáli, formi sem listamaður gæti tjáð hugsanir sínar með, hversu óvenjulegar sem þær væru og tjáð þær í mynd rétt eins og með orðum í greinum og bókum. Hann kallaði þessa nýju öld kvikmynda, „öld kvikmyndapennans“ (camero-stylo). Astruc talaði um að kvikmyndamaðurinn skrifaði með kvikmyndatökuvélinni rétt eins og rithöfundur skrifar með pennanum (bls. 159). Hlutverk höfundar og persónuleg tjáning í kvikmyndum kom því snemma fram í umræðunni, og rétt eins og um höfunda bókmenntaverka og málverka gilti það um kvikmyndina, að athyglin beindist að höfundi hennar og höfundareinkennum hans.

Hinn þekkti franski leikstjóri og kvikmyndagagnrýnandi François Truffaut gerði gæðahefðina í aðlögun og kvikmyndagerð að umfjöllunarefni í grein sinni "Ákveðin hneigð í franskri kvikmyndagerð" sem kom út árið 1954. Þar fjallaði hann um hvernig bókmenntaverk eru aðlöguð kvikmyndamiðlinum og hvernig það, að hans mati, bitnaði á persónulegri tjáningu í verki þegar handritshöfundar eins og Aurenche og Bost byggju til jafngild atriði í stað þeirra sem ekki þætti við hæfi að kvikmynda (Truffaut, 2003, bls. 64-66). Truffaut leit svo á að aðlögun gæti ekki kallast góð og gild nema kvikmyndamaður skrifaði hana og sagði að með því að vanmeta kvikmyndina væru rithöfundar að lítilsvirða hana (bls. 66–76). Hann benti einnig á að leikstjórar væru, og vildu vera ábyrgir fyrir þeim handritum og samtölum sem þeir kvikmynduðu. Truffaut kallaði eingöngu þá leikstjóra höfunda sem skrifuðu handrit sín gjarnan sjálfir og áttu hugmyndina að sögunni. Í því sambandi nefndi hann fræg nöfn eins og Jean Renoir, Robert Bresson og Jacques Tati. Honum fannst hann ekki geta trúað á friðsamlega sambúð gæðahefðarinnar og kvikmyndagerðarhöfunda (bls. 73).

Janet Staiger (2003) bendir á að þrátt fyrir ákveðin vandamál sem komið hafi upp innan rannsókna á höfundarverkum (authorship) á seinni hluta 20. aldar, meðal annars fyrir tilstilli hugmynda póststrúktúralista og áhrifa fjölmiðlunar (mass media), eigi hugmyndin um höfundaverk rétt á sér og skipti máli. Hún skipti ekki hvað síst máli fyrir þá sem þurfa að skapa sér stöðu innan kvikmyndageirans, en líka fyrir áhorfendur, „... það að velja að horfa á kvikmynd sem leikstýrt er af Lizzie Borden eða Steven Spielberg er val sem getur byggst á smekk, menningarlegum þáttum eða verið af pólitískum toga“, segir Staiger (bls. 27-28).

Yvonne Tasker (2011) fjallar um þróun höfundarkenningarinnar í inngangi sínum að bókinni „Fifty Contemporary Film Directors". Þar ræðir hún um blómatíma kenningarinnar í kvikmyndagagnrýni á sjöunda áratugnum og hvernig höfundarkenningin hafi átt stóran þátt í að koma á fót akademískum rannsóknum um samtíma kvikmyndir auk þess að geta af sér kvikmyndarýni í tímaritum á borð við Movie í Bretlandi og Film Comment í Bandaríkjunum. Með því að rýna í leikstjórann sem kvikmyndahöfund var listræn ábyrgð og sýn einstaklingsins viðurkennd og í því fólst líka aukinn skilningur á kvikmyndum leikstjóra sem ákveðinni listrænni heild (bls. 1).

Í greininni „De la Politique des Auteurs“ sem kom út árið 1957, heldur André Bazin, ritstjóri Cahiers, því fram að höfundarkenningin hafi margt til síns ágætis en að hún sé þó ekki algild. Þannig er hann sammála hugmyndum Truffaut en þó einungis upp að vissu marki. Bazin setur spurningarmerki við það að höfundaleikstjórar geti ekki gert slæma mynd og minna þekktir leikstjórar geti ekki gert gæðamyndir og finnst slæmt að góðum myndum meðalhöfunda sé ekki hampað líkt og lakari myndum kvikmyndasnillinga (Bazin, 2008, bls. 19-20). Gagnrýnendur sem skrifuðu í Cahiers du cinéma fjölluðu einkum um myndir þeirra leikstjóra sem þeir sjálfir héldu upp á og sáu oft síendurtekin einkenni þeirra leikstjóra. Þannig virtust upphafnir leikstjórar ekki geta með nokkru móti gert lélega mynd (bls. 20). Bazin heldur því fram að um leið og litið sé þannig á að kvikmyndamaðurinn og myndir hans séu eitt verði engar minni myndir til því að verstu myndir leikstjórans endurskapi ávallt ímynd höfundarins (bls. 20). Hann ítrekar mikilvægi þess að síendurtekin þörf samfélagsins til þess að gefa listinni nafn og ákveðinn stimpil sé ekki endilega forsenda þess að geta notið listarinnar sjálfrar, og það að beina athyglinni að höfundinum sjálfum ætti ekki að skilgreina listina heldur einungis að fága hana (bls. 22). „De la Politique" snýst í stuttu máli um að velja ákveðna listræna

# „ÆVISÖGUR KVIKMYNDA“ FALLA UNDIR FYRSTU GÁTTINA, ÍSLENSK KVIKMYNDAGERÐ



# ÍSLENSKIR KVIKMYNDAGERÐARMENN




- Önnur af tveimur gáttum kvikmyndaævisagnanna er „íslenskir kvikmyndagerðarmenn“.
- Þar verða, þegar upp er staðið, allir íslenskir leikstjórar sem leikstýrt hafa kvikmynd í fullri lengd.
- Þegar tiltekinn leikstjóri er valinn birtist listi yfir kvikmyndir viðkomandi leikstjóra.
- Sé tiltekin kvikmynd valin, birtist „ævisaga“ hennar.

# LOFTUR GUÐMUNDSSON: ÍSLAND Í LIFANDI MYNDUM

## Loftur Guðmundsson

### Morgunblaðið: 09. 11. 1922: Loftur Guðmundsson og Ósvaldur Knudsen lenda báðir í öðru sæti í ljósmyndakeppni á vegum Blaðamannafélagsins

HÚN STÓÐ YFIR DAGANA SUNNUDAGINN, MÁNUDAGINN OG ÞRIÐJUDAGINN SÍÐASTLIÐINN. SÓTTU HANA Á 8 HUNDRAÐ MANNS, BÖRN OG FULLORÐNIR. DÓMNEFNDIN HEFIR NÚ FELT ÚRSKÚRÐ SINN UM HVERJAR MYNDIRNAR SJEU VERÐLAUNAVERÐAR OG FER HANN HJER Á EFTIR. FYRSTU VERÐLAUN: NAFNALAUSA FJELAGIÐ, FYRIR LANDSLAGSMYNDIR. HELGI HJÖRVAR, FYRIR MANNAMYNDIR. ÖNNUR VERÐLAUN: SIGURÐUR GÍSLASON STÝRIMAÐUR FYRIR MYNDAFLOKINN. **OSVALDUR KNUDSEN** FYRIR MYNDAFLOKKINN. HARALDUR ÁRNASON FYRIR MYNDAFLOKKINN. **LOFTUR GUÐMUNDSSON** FYRIR MYNDAFLOKKINN. ÞRIÐJU VERÐLAUN: BJÖRN BJÖRNSSON BAKARI. ÞURÍÐUR SIGURJÓNSDÓTTIR. BJÖRN STEFÁNSSON. H. SIGTRYGGVASON. ÞORBERGUR ÓLAFSSON. SVEINBJÖRN INGIMUNDARSON. HALLGRÍMUR MATTHÍSASSON. BJÖRN ARNÓRSSON. SIGURÐUR TÓMASSON. OG ER ÞÁ 18 VEITT VERÐLAU . ÞEIM VERÐUR ÚTBÝTT SÍÐAR, MJÖG BRÁÐLEGA, OG VERÐA HLUTAÐGEIGENDUR LÁTNIR VITA UM ÞAÐ. ÞEIR, SEM SENDU MYNDIR Á SÝNINGUN A, ERU BEÐNIR AÐ VITJA ÞEIRRA HIÐ FYRSTA Á AFGREIÐSLU MORGUNBL ...



# LOFTUR GUÐMUNDSSON:
# ÍSLAND Í LIFANDI MYNDUM



Vísir: 20. 04. 1923: Loftur tók lifandi myndir af víðavangshlaupi ÍR:

FÓR SVO Í GÆR, AÐ ÍÞRÓTTAFÉLAG KJÓSARSÝSLU VANN MEÐ 18 STGUM, K. R 41 ST. FYRSTUR VARÐ GUÐJÓN JÚLÍUSSON, 12 MÍN 59 SEK. MAGNÚS EIRÍKSSON 13 MÍN 11 SEK. GEIR GÍGJA 13 MÍN. 30 SEK.

ÞÁTTTAKENDUR VORU 21, EN 20 KOMU AÐ MARKINU. **LIFANDI MYNDIR**: TÓK **LOFTUR GUÐMUNDSSON** AF VÍÐAVANGSHLAUPINU Í GÆR ...

# LOFTUR GUÐMUNDSSON:
# ÍSLAND Í LIFANDI MYNDUM

## Morgunblaðið: 21. 04. 1923: Myndir Lofts Guðmundssonar af gosdrykkjaframleiðslu sýndar í Nýja Bíó

SJÚKLINGURINN: GAMANLEIKUR Í 5 ÞÁTTUM. AÐALHLUTVERK LEIKUR HINN ÁGÆTI LEIKARI WALLACE REID SEM MARGIR MUNU KANNSAST VIÐ - - EKKI SÍST KVENFÓLKIÐ ENDA HEFIR HANN ALMENT VERIÐ NEFNDUR KVENNAGULLIÐ. Í SÍÐASATA SINN. AUKAMYND MYNDIR AF GOSDRYKKJAVERKSMIÐJUNNI „SANITAS" TEKNAR AF EIGANDANUM SJÁLFUM **LOFTI GUÐMUNDSSYNI** ...


MORGUNBLADID

LANDSBLAÐ LÖGRJETTA

Carmen.

Bizets.

Wallace Reid.

Wallace Reid

P. O. Leval

óperu- og konsertsöngvari,

Gullsmíðaverslunin

Austurstræti 5.

— Tilkynning. —

Verslunin Liverpool.

Víkingarnir á Hálogalandi

Síðasta sinn.

Spanskar nætur

(með lægra verðinu, eingöngu)

Síðasta sinn!

Fyrirlestur

# LOFTUR GUÐMUNDSSON: ÍSLAND Í LIFANDI MYNDUM – ÞAÐ SEM ER EFTIR

Visir: 28. 04. 1923: Upptökur Lofts af víðavangshlaupinu ofl. sýndar í Nýja Bíó: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1125243

Morgunblaðið: 17. 06. 1923: Ævintýri Jóns og Gvendar frumsýnd, spennandi verður að sjá íslenska leikara á tjaldinu: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1208923

Morgunblaðið: 22. 03. 1924: Loftur á að taka myndir af skíðaiðkendum: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1209945

Morgunblaðið: 22. 10. 1924: Viðtal tekið við Loft í B. T. í Danmörku varðandi Ísland í lifandi myndum ofl.: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1210698

Visir: 30. 10. 1924: Loftur var fenginn til að vera kvikmyndagerðarmaður félags manna sem vildu auka vegferð íslenskra kvikmynda, hann er í Kaupmannahöfn að leggja lokahönd á verkið Ísland í lifandi myndum: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1127125

Morgunblaðið: 01. 01. 1925: Ísland í lifandi myndum frumsýnd í Nýja Bíó: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1210974

Morgunblaðið: 07. 06. 1925: Loftur opnar ljósmyndastofu í húsnæði Nýja Bíós þann 09. júní: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1211605

Visir: 08. 06. 1925: Loftur kemur til baka eftir nám hjá hinum fræga ljósmyndara Elfert: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1127934

Visir: 08. 06. 1926: Ljósmynd eftir Loft birt í dönsku tímariti: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1129330

Morgunblaðið: 24. 07. 1926: Konungskoman 1926 sýnd í Nýja Bíó og sjást þar margir mætir borgarar: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1213397

Visir: 19. 11. 1926: Loftur sýnir myndir á skemmtikvöldi verslunarmannafélags Rekjavíkur: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1129904

Visir: 02. 04. 1927: Loftur sýnir kvikmynd um ferlið á bakvið gerð ljósmynda: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1130394

Morgunblaðið: 31. 05. 1927: Loftur flytur fyrirlestur um kvikmyndagerð í útvarpinu: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1214629

Visir: 15. 08. 1927: Loftur tekur upp skemmtiför Fáks: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1130844

Visir: 17. 06. 1928: Loftur gerir tillögur að breytingum á þýskum ljósabúnaði og hlýtur lof fyrir: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1132101

Alþýðublaðið: 06. 11. 1928: Loftur sýnir kvikmyndir á fundi Jafnaðarmannafélags Íslands: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=11870

Visir: 18. 01. 1929: Loftur skipaður konunglegur sænskur hirðljósmyndari: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1133043

Norðlingur: 17. 10. 1929: Ísland í lifandi myndum borin saman við Íslandsmynd Leo Hansen: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=5282985

Morgunblaðið: 04. 03. 1930: Loftur tekur upp flóð í Hvítá af Ölfusárbrú, verður bráðlega sýnd í Nýja Bíó: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1219113

Morgunblaðið: 16. 03. 1930: Loftur útskrifar nemendur í ljósmyndum, þá fyrstu í Reykjavík, og miklu lofi er ausið á feril hans í stuttu yfirliti: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1219173

Alþýðublaðið: 03. 07. 1930: Loftur tekur upp myndir af vikivakaflokkum barna sem hluta af íslandsmynd hans: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=14193

Visir: 01. 08. 1930: Sanitas, gosdrykkjaverksmiðjan sem Loftur stýrði, á 25 ára afmæli: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1135503

Visir: 20. 09. 1930: Alþingishátíðin 1930 frumsýnd á morgun í Nýja Bíó: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1135708

Morgunblaðið: 18. 09. 1931: Íslenskur iðnaður tilbúin og komin til landsins: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1221810

Morgunblaðið: 22. 09. 1935: Viðtal við Loft: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1229353

# LOFTUR GUÐMUNDSSON:
# ÍSLAND Í LIFANDI MYNDUM – ÞAÐ SEM ER EFTIR

Alþýðublaðið: 06. 11. 1928: Loftur sýnir kvikmyndir á fundi Jafnaðarmannafélags Íslands: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=11870

Vísir: 18. 01. 1929: Loftur skipaður konunglegur sænskur hirðljósmyndari: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1133043

Norðlingur: 17. 10. 1929: Ísland í lifandi myndum borin saman við Íslandsmynd Leo Hansen: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=5282985

Morgunblaðið: 04. 03. 1930: Loftur tekur upp flóð í Hvítá af Ölfusárbrú, verður bráðlega sýnd í Nýja Bíó: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1219113

Morgunblaðið: 16. 03. 1930: Loftur útskrifar nemendur í ljósmyndum, þá fyrstu í Reykjavík, og miklu lofi er ausið á feril hans í stuttu yfirliti: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1219173

Alþýðublaðið: 03. 07. 1930: Loftur tekur upp myndir af víkivakaflokkum barna sem hluta af Íslandsmynd hans: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=14193

Vísir: 01. 08. 1930: Sanitas, gosdrykkjaverksmiðjan sem Loftur stýrði, á 25 ára afmæli: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1135503

Vísir: 20. 09. 1930: Alþingishátíðin 1930 frumsýnd á morgun í Nýja Bíó: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1135708

Morgunblaðið: 18. 09. 1931: Íslenskur iðnaður tilbúin og komin til landsins: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1221810

Morgunblaðið: 22. 09. 1935: Viðtal við Loft: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1229353

Nýja Dagblaðið: 23. 07. 1936: Loftur kvikmyndar síldarvinnslu ríkisverksmiðjanna á Siglufirði: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3547585

Morgunblaðið: 23. 10. 1943: Loftur gerir samning við Reykjavíkurborg um kvikmynd um bæinn og svo hefur hann áform um að gera mynd um sögu hitaveitunnar: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1249850

Morgunblaðið: 21. 01. 1944: (Líklega) Loftur auglýsir eftir 6x9mm filmu og stækkunarvél: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=4303171

Morgunblaðið: 14. 07. 1944: Lofti er boðið að fara til Bandaríkjanna að kynna sér það nýjasta í tæknimálum á vegum Kodak, fer einnig til að fullvinna tvær kvikmyndir: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1252462

Vísir: 15. 07. 1944: Loftur fer utan, stutt viðtal: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1155583

Vísir: 19. 09. 1944: Skeyti frá Lofti um dvöl sína í Bandaríkjunum – kvikmyndirnar sem hann framkallaði heppnuðust vel: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1155801

Morgunblaðið: Lýðveldishátíðarmynd Lofts sýnd í New York við góðar viðtökur ásamt myndum af heimsókn forseta Íslands og föruneyti til Bandaríkjanna: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1253286

Morgunblaðið: 22. 12. 1944: Umræða um breiðfilmur og mjófilmur við upptökur á Lýðveldishátíðinni á Þingvöllum: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1253826

Vísir: 07. 03. 1945: Loftur í Bandaríkjunum hefur ferðast víða og sýnt Lýðveldismyndina, fór í heimsókn í MGM og margt fleira: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1156598

Morgunblaðið: 14. 03. 1945: Loftur ásamt öðrum Íslendingum í Kaliforníu, mynd: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1254686

Morgunblaðið: 15. 03. 1945: Loftur leggur til í bréfi frá Bandaríkjunum að sendar verði kvikmyndir vestur fyrir þá Íslendinga sem búa þar: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1254692

Vísir: 23. 04. 1945: Loftur kominn heim frá Bandaríkjunum með Lýðveldishátíðarmyndina og tæki til litkvikmyndunar á leiðinni: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1156885

Morgunblaðið: 24. 04. 1945: Viðtal við Loft um dvölina í Bandaríkjunum: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1255063

# LOFTUR GUÐMUNDSSON: ÍSLAND Í LIFANDI MYNDUM – ÞAÐ SEM ER EFTIR

Vísir: 28. 04. 1945: Loftur fjallar um verksmiðjur Kodak: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1156924 og frh. http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1156926

Vísir: 19. 05. 1945: Loftur fjallar um Hollywood: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1157052

Vísir: 17. 09. 1945: Viðtal við Loft í tilefni 20 ára starfafmælis hans: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1157846

Morgunblaðið: 02. 10. 1945: Lýðveldishátíðarmyndin sýnd í Tjarnarbíói: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1256664

Vísir: 06. 11. 1945: Loftur sýnir hátíðarmynd á skemmtifundi Skagfirðingafélagsins: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1158191

Vísir: 03. 05. 1946: Loftur gefur Þjóðminjasafninu mannamyndaplötusafn sitt og ánafnar safninu framtíðarverk sín: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1159401

Vísir: 10. 10. 1947: Ísland frumsýnd völdum gestum, þrír tímar að lengd og talin líkleg til vinsælda: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1162938

Vísir: 18. 02. 1948: Loftur sýnir kvikmynd af Bandaríkjunum á árshátíð Félags vesturfara: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1163854 og http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1163881

Alþýðublaðið: 13. 01. 1949: Fyrsta íslenska tilrauna- talmyndin, Milli fjalls og fjöru, frumsýnd í Gamla Bíó: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1081373

Morgunblaðið: 15. 01. 1949: Loftur nefndur „faðir íslenskra talmynda" í kvikmyndadómi um Milli fjalls og fjöru: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1270644

Alþýðublaðið: 28. 04. 1950: Myndin Sjón er sögu ríkari er sýnd í Gamla Bíó annað kvöld, samansafn myndbrota af kunnum listamönnum þjóðarinnar, m.a. KK Sextett: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1084498

Morgunblaðið: 25. 06. 1950: Loftur á 25 ára starfafmæli, hefur tekið 2,5 milljón mynda á ferlinum: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1277068

Morgunblaðið: 03. 11. 1951: Niðursetningurinn frumsýnd almenningi: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1282603

Vísir: 04. 01. 1952: Loftur lést í nótt: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1173541

Þjóðviljinn: 05. 01. 1952: Loftur Guðmundsson lést í fyrrinótt: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2759911

Morgunblaðið: 12. 01. 1952: Loftur jarðsunginn mánudaginn 14. janúar. Athöfninni verður útvarpað: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1283521

Morgunblaðið: 13. 01. 1952: Minningargrein um Loft: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1283528

Alþýðublaðið: 15. 01. 1952: Minningargrein um Loft, eftir samstarfsfélagann og blaðamanninn Loft Guðmundsson: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1090761

Alþýðublaðið: 18. 08. 1968: Magnús Jóhannsson, sem hefur umsjón með varðveislu mynda Lofts, gerir samning við Sjónvarpið um að afrita myndir Lofts til sýningar og varðveislu: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2635611

Tíminn: 28. 05. 1970: Viðtal við Óskar um ferilinn þar sem hann er sagður hafa gert fyrstu íslensku myndina og minnst á Loft í framhjáhlaupi: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3682851

Morgunblaðið: 01. 07. 1976: Magnús Jóhannsson, útvarpsvirki, hefur umsjón með kvikmyndasafni mynda Lofts: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1475441

Vísir: 06. 02. 1977: Umfjöllun um Kjarval og Loft og farið yfir feril Lofts: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3357988

Alþýðublaðið: 03. 02. 1978: Börn Lofts ánafna Kvikmyndasafni Íslands myndir hans: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3221523

Morgunblaðið: 03. 02. 1978: Stutt umfjöllun um feril Loft: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1495702

Dagblaðið: 03. 02. 1978: Myndir Lofts sýndar í Sjónvarpinu, meðal annars stuttmyndin Sjón er sögu ríkari: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3074813

# LOFTUR GUÐMUNDSSON:
# ÍSLAND Í LIFANDI MYNDUM – ÞAÐ SEM ER EFTIR


Morgunblaðið: 03. 02. 1978: Stutt umfjöllun um feril Loft: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1495702

Dagblaðið: 03. 02. 1978: Myndir Lofts sýndar í Sjónvarpinu, meðal annars stuttmyndin Sjón er sögu ríkari: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3074813

Morgunblaðið: 28. 11. 1985: Saga Sanitas, gosverksmiðjunnar sem Loftur stýrði um skeið á 3. áratugnum: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1623360

Morgunblaðið: 25. 02. 1990: Bryndís Pétursdóttir lék í báðum talmyndum Lofts: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1718414

Morgunblaðið: 23. 08. 1992: Grein um Loft í tilefni 100 ára fæðingarafmælis hans: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1770076

Morgunblaðið: 29. 10 .1992: Útvarpsþáttur um ævi og störf Lofts, viðtöl við ættingja og samstarfsfólk: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1773852

Eyjafréttir: 10. 12. 1992: Mynd Lofts frá Vestmannaeyjum sýnd: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=6172634

Ægir: 01. 12. 1993: Loftur tók myndir á Ísafirði árið 1936: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=4891409

Morgunblaðið: 11. 09. 1994: Verk eftir Loft flutt á hátíðartónleikum 50 ára afmælis lýðveldisins: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1813509

Morgunblaðið: 11. 05. 2002: Minning Lofts heiðruð á Þjóðminjasafninu: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3441451

Morgunblaðið: 12. 05. 2002: Grein Erlends Sveinssonar um Loft: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3441583

DV: 17. 05. 2002: Umfjöllun um Loft og viðtal við Erlend Sveinsson: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3031479

Morgunblaðið: 18. 05. 2002: Heiða Jóhannsdóttir um sýninguna um Loft í Hafnarborg: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3522129

DV: 28. 05. 2002: Stutt um nafna Lofts, blaðamann og rithöfund: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3031889

Morgunblaðið: 29. 05. 2002: Bragi Ásgeirsson skrifar gagnrýni um sýninguna um Loft: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3445565

Morgunblaðið: 18. 08. 2012: Sutt umfjöllun um Loft í tilefni 120 ára fæðingarafmælis hans: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=6025948

Fréttablaðið: 19. 04. 2014: Opnun sýningar um áhrif Lofts og nafna hans á leiklist í Kjósinni: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=6152350

# ÍSLENSKAR KVIKMYNDIR




- Sé gáttin „Íslenskar kvikmyndir“ hins vegar valin má leita eftir árum að tilteknum kvikmyndum.
- Þegar ár er valið birtist listi yfir allar íslenskar myndir frumsýndar það ár.
- Sé tiltekin mynd valin, færist notandi á „ævisögu“ viðkomandi myndar.

# ÍSLENSKAR KVIKMYNDIR

## Íslenskar kvikmyndir

**1977**

Morðsaga – Reynir Oddsson

**1962**

79 af stöðinni – Erik Balling

**1957**

Gilitrutt – Ásgeir Long

**1954**

Nýtt hlutverk – Óskar Gíslason

**1951**

Reykjavíkurævintýri Bakkabræðra – Óskar Gíslason

Niðursetningurinn – Loftur Guðmundsson

**1950**

Síðasti bærinn í dalnum – Óskar Gíslason

**1949**

Milli fjalls og fjöru – Loftur Guðmundsson

# NÚVERANDI STAÐA OG FRAMTÍÐIN

- *Kvikstreymi* miðast að uppbyggingu vefumhverfis er umbylta mun kennslu og rannsóknum á sviði íslenskra kvikmynda og kvikmyndasögu.
- Gegnir arkífan um ævisögur kvikmynda þar lykilhlutverki.
- Að safna saman öllu merkingarbæru efni er birst hefur í íslenskum fjölmiðlum og nálgast má á timarit.is er gríðarstórt verkefni.
- Mikilvægt skref í þessa átt hefur með aðstoð Kennslumálasjóðs verið tekið.
- Þróun vefumhverfis er lokið og stafrænt skipulag gagnaveitunnar liggur fyrir.
- Umtalsverðu efni hefur verið safnað saman.

# NÚVERANDI STAÐA OG FRAMTÍÐIN

- Til að ljúka megi verkinu hefur verið sótt um tvo styrki til Nýsköpunarsjóðs Rannís fyrir sumarið 2018, fyrir námsmenn til að koma að gagnaöflun.
- Sótt verður aftur um styrk til Kennslumálasjóðs.